



1903004
00.6

ATVINNU- OG FERÐAMÁLANEFND BLÁSKÓGABYGGÐAR

2. fundur Atvinnu- og ferðamálanefndar Bláskógabyggðar haldinn í Aratungu

Þriðjudaginn 19. febrúar 2019, kl. 17.00

Fundinn sátu:

Valgerður Sævarsdóttir formaður, Eyrún Margrét Stefánsdóttir, Róbert Aron Pálmason, Guðrún Karitas Snæbjörnsdóttir, Kristinn Bjarnason, Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnessýslu, Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri Bláskógabyggðar og Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri þróunarsviðs hjá SASS.

Fundargerð ritaði: Eyrún Margrét Stefánsdóttir.

Dagskrá:

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og þakkaði Þórði fyrir að koma til fundar með nefndinni. Á síðasta fundi ákvað nefndin að óska eftir hans ráðgjöf um næstu skref við gerð atvinnustefnu fyrir sveitarfélagið. Ásborg og Ásta fengu einnig þakkir fyrir að sitja fund.

1. Atvinnustefnur í gildi á Suðurlandi

Þórður sagði frá að ráðgjafar hjá SASS hafa veitt ráðgjöf og aðstoð við gerð atvinnustefnu hjá Hveragerði, Hrunamannahrepp, Skeið- og Gnúpverjahrepp og Hornafirði. Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að eignarhald slíkrar stefnu sé hjá viðkomandi sveitarfélagi hverju sinni svo tryggja megi framfylgd stefnunnar og að fjármagn fylgi áhersluverkefnum. Að starfsmaður á vegum sveitarfélagsins hafi það hlutverk að hafa yfirsýn og halda utan um áhersluverkefnið svo taka megi mið af þeim verkefnum við gerð fjárhagsáætlana, eða eins konar bakhjarl verkefnisins.

2. Sóknaráætlun Suðurlands

Þórður hélt kynningu á Sóknaráætlun Suðurlands 2015-2019 en áætluninni má líkja við nokkurs konar byggðáætlun. Með áhersluverkefnum Sóknaráætlunarinnar fylgdi fjármagn sem m.a. hefur verið nýtt til þróunarvinnu og úthlutun styrkja til ýmissa verkefna. Á næstu mánuðum hefst vinna hjá SASS við gerð Sóknaráætlunar Suðurlands 2020-2024. Sóknaráætlun 2020-2024 er skipt í málefni og aðgerðaráætlanir. Málefni á sviði umhverfis- og auðlindamála, atvinnu- og nýsköpunarstefnu og menningarstefnu. Fjármagn fylgir aðgerðaráætlunum og undir þær falla áhersluverkefni, uppbyggingasjóður (Suðurlands), önnur verkefni ásamt ráðgjöf og þjónustu. Kjörnir fulltrúar á Suðurlandi verða kallaðir til samráðs til að móta stóru myndina, s.s. framtíðarsýn, gildi og megin áherslur til 2024. Haldnir verða íbúafundir eftir málefnasviðum en nú þegar hafa verið haldnir sjö íbúafundir víða um Suðurland við gerð umhverfis- og auðlindastefnu. Í framhaldinu verða markmið og aðgerðir mótaðar, drög að Sóknaráætlun lögð fram til umsagnar á samráðsgátt, endarleg niðurstaða unnin með hliðsjón af athugasemdum og ábendingum sem berast og hún síðan lögð fyrir á ársþingi SASS í október n.k.

3. Samlegðaáhrif

Þórður velti því upp hvort að Uppsveitirnar gætu hugsað sér að vinna að sameiginlegri atvinnustefnu. Uppsveitirnar eru eitt stórt atvinnu- og búsetusvæði og sveitarfélögin hefðu sameiginlega hagsmuna að gæta í málaflokknum. Hann benti líka á að hverju sveitarfélagi á Suðurlandi er úthlutað 20 klst. í ráðgjöf með ráðgjafa frá SASS, vinnustundum ráðgjafa fjölgi

samhliða fjölda sveitarfélaga. Það verði einnig til samlegðaáhrif af íbúafundum sem SASS stendur fyrir í tengslum við gerð Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024 en sveitarfélögin geta nýtt hluta af niðurstöðum þeirra ásamt því að fá tölulegar upplýsingar frá SASS sem tengjast atvinnumálum á svæðinu. En umfram vinnu við gerð Sóknaráætlunarinnar hefur SASS safnað ýmsum upplýsingum á sviði atvinnamála s.s. íbúakönnunum, landbúnaðarskýrslu og keypt aðgang að fyrirtækjagagnagrunni hjá RSK og Credit info. Önnur verkefni eru í vinnslu s.s. fyrirtækjakönnun landshlutanna, þolmarkarannsókn með Bláskógabyggð, atvinnuskapandi nemendaverkefni og Invest South.

4. Niðurstaða

Nefndin og viðstaddir taka undir með þórði. Samlegðaáhrif felast í því að vinna atvinnustefnu í samvinnu við sveitarfélögin í Uppsveitunum og samhliða vinnu SASS að Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024. Sé vilji hjá sveitarfélögunum til þess að vinna sameiginlega atvinnustefnu þá nefnir þórður að upplagt væri að mynda starfshóp sem er skipaður fulltrúum úr atvinnumálanefndum Uppsveitanna. Þó verði endanlegt fyrirkomulag skoðað þegar það á við.

5. Næstu skref

Formanni atvinnu- og ferðamálanefndar er falið að koma niðurstöðu nefndarinnar til Oddvita Bláskógabyggðar og að óska eftir því að hann taki erindið fyrir á Oddvitanefundarfundum sem er á dagskrá innan skamms og kanni með því vilja til samstarfs. Formaður upplýsir nefndina um það hvernig framvindur. Næsti fundur ekki ákveðinn.

Fundi slitið kl. 18.00